

Foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ

# Handbók

## FFGÍR

Útg.2.0

Október 2010



Hvað er **FFGÍR** ?

**FFGÍR** stendur fyrir Foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ. Í **FFGÍR** sitja formenn og varaformenn foreldrafélaga og foreldrafulltrúar í skólaráðum grunnskólanna í Reykjanesbæ.

**FFGÍR** er málsvari foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu og gefur umsagnir um ýmis málefni er þá varðar.

**FFGÍR** heldur fundi síðasta fimmtudag í hverjum mánuði skólaársins.

**FFGÍR** vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna í Reykjanesbæ og á fulltrúa foreldra í fræðsluráð Reykjanesbæjar. Núverandi fulltrúi er Linda Birgisdóttir, formaður FFM.

**FFGÍR** er vettvangur foreldrafélögganna til að vinna saman að ýmsum málum. FFGÍR hefur tekið þátt í ráðstefnuhaldi í samstarfi við fjölskyldu og félagsþjónustu og fræðsluráð.

**FFGÍR** á fulltrúa í Samtaka hópnum sem er stýrt af forvarnafulltrúa Reykjanesbæjar.

**FFGÍR** setur fram þau markmið sem eru eins hjá foreldrafélögunum og leggur þau í stefnumörkun forvarnarstefnu Reykjanesbæjar.

**FFGÍR** hefur aðgang að launuðum starfsmanni með styrk frá Manngildissjóði Reykjanesbæjar, skólaárið 2010-2011.

**FFGÍR** heldur fræðslufundi og námskeið í samvinnu við framkvæmdastjóra fræðsluviðs og fræðsluskrifstofu.

**FFGÍR** hefur haldið námskeið fyrir foreldra og bekkjarfulltrúa.

**FFGÍR** skipuleggur sameiginlega fundi foreldrafélaganna.

Öll verkefni **FFGÍR** eru forvarnaverkefni

Höfuðmarkmið **FFGÍR**

- að efla samstarf foreldra
- að efla samstarf heimila og skóla
- að vera málsvari foreldra

## *Helstu stefnumið skólaárið 2010-2011*

1. Útgáfa handbóka fyrir öll foreldrafélögin þar sem fram koma starfsreglur, markmið, leiðir, netfang FFGÍR, netfang foreldrafélagsins og nöfn fulltrúa foreldra í skólaráði.
2. Við viljum að upplýsingar um foreldrastarf á heimasíðum verði aðgengilegar og sýnilegar á heimasíðum skólanna.
3. Sérkenni hvers foreldrafélags verði þekkt; skammstöfun, litir og logo.
4. Bekkjarfulltrúar kosnir í hverjum skóla. Mikilvægt að virkja foreldra og halda námskeið fyrir bekkjarfulltrúa
5. Foreldrasamningar verði lagðir fyrir eða ræddir á miðstigi og unglíngastigi.
6. Foreldrafélögin láta málin til sín taka í gegnum fræðsluráð með umsögnum og tillögurétti.
7. Erindreki stjórnar, verkefnastjóri á að koma hugmyndum í framkvæmd og aðstoða við foreldrasamninga.
8. Kynningarstarf FFGÍR í fjölmiðlum, í skólum, á netinu og meðal starfsfólk skóla.
9. Námskeið fyrir stjórnarmeðlimi foreldrafélaganna.



## *Heimili og skóli*

Heimili og skóli eru samtök sem vinna að því að efla áhuga íslenskra foreldra á málefnum grunnskólans og vilja auka áhrif þeirra á skólamál. Grundvöllur að góðum grunnskóla er traust og gott samstarf á milli heimila og skóla.

## *Hvað hefur verið á dagskrá hjá FFGÍR*

- FFGÍR stendur fyrir fræðslu, kynningu, upplýsingamiðlun og –öflun.
- FFGÍR er með fulltrúa í fræðsluáði Reykjanesbæjar.
- FFGÍR er umsagnaraðili varðandi ýmis mál er varða foreldrastarf.
- FFGÍR sinnir upplýsingarmiðlun og er jákvæð uppbygging foreldrastarfs.
- FFGÍR styður við betri foreldrafélög í Reykjanesbæ.
- FFGÍR styður við bekkjarfulltrúa og aðstoðar við foreldrasamninga.
- FFGÍR óskaði eftir skoðanakönnun vegna vetrarfría í skólum (2003).
- FFGÍR lagði fyrir skoðanakönnun vegna öryggis á skólalóð (2009).
- FFGÍR þýðir skóladagatöl grunnskólanna á ensku og pólsku.
- FFGÍR heldur málfundi og málþing.
- FFGÍR gefur endurskinsvesti í samstarfi við Spkef og lögreglu.
- FFGÍR fylgist með eineltisáætlunum í skólunum.

## Markmið FFGÍR

- Vel upplýstir foreldrar eru góð forvörn.
- Samstarf foreldra eflir samstöðu þeirra.
- Gott aðgengi upplýsinga er nauðsynlegt fyrir foreldrafélögin.
- Markvisst starf foreldrafélaga skilar sér á jákvæðan hátt til barnanna og skólasamfélagsins.
- Gott samstarf foreldra á jákvæðum en gagnrýnum nótum, skilar sér í betri foreldrafélögum.
- Handbækur foreldrafélaga auðvelda stjórnarstörf og tryggja markviss vinnubrögð.
- Skýr verkaskipting í stjórnnum og ráðum auðveldar foreldrasamstarf.

## AÐ RÓA Á SÖMU MIÐ

Markmið sem sett eru fram hjá öllum foreldrafélögum í Reykjanesbæ.

*Efla samstarf heimilis og skóla með því að:*

Setja sér markmið

1. Taka þátt í sameiginlegu starfi FFGÍR
2. Efla upplýsingaflæði: Handbækur, heimasíður, netföng, fréttabréf
3. Kynna félagið: Vera sýnileg með merki, góða skammstöfun og í lit.
  4. Kjósa bekkjarfulltrúa, halda námskeið og efla störf þeirra.
  5. Foreldrasamningnum komið á, miðstig og unglíngastig.
  6. Þátttaka foreldrafélaganna í forvarnarverkefni um einelti.
7. Skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1.bekk í upphafi skólaárs.
8. Gefa nemendum í 1.bekk endurskinsvesti.

### *Hvað gera bekkjarfulltrúar ?*

Bekkarfulltrúar þurfa að gefa örfáar klukkustundir af tíma sínum í skipulagt foreldrastarf, börnunum til heilla. Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra innbyrðis og á milli kennara og foreldrahópsins. Markmið bekkjarfulltrúa er að fá foreldra til að kynnast og skapa góðan bekkjaranda í samstarfi við kennara og foreldra.

Stjórnir foreldrafélaganna styðja við bekkjarfulltrúa og aðstoða eftir þörfum. FFGÍR heldur námskeið að hausti fyrir þá sem vilja spreyta sig á hlutverkinu og aðra áhugasama. Bekkarfulltrúar halda einn foreldrafund að hausti til að hittast og ræða málin. Þeir hafa síðan eina nemendastund fyrir jóla og eina eftir jóla. Að vera mamma eða pabbi grunnskólanemenda er spennandi, skemmtilegt, erfitt og allt þar á milli. Að vera bekkjarfulltrúi er áskorun sem foreldrar ættu að taka a.m.k einu sinni í eitt skólaár.

## *Verkefnalisti fyrir bekkjarfulltrúa*

1. Hann skipuleggur foreldrafundi og nemendakvöld. Hann skipuleggur almennan foreldrafund í samvinnu við bekkjarkennara í upphafi skólaárs. Á þeim fundi eru lagðar línur fyrir bekkjarstarfið.
2. Stofnar vinnuhópa ef áhugi er fyrir hendi innan foreldrahópsins
3. Hann heldur utan um samstarf foreldra, kennara og nemenda.
4. Þeir kalla saman foreldra barnanna í bekknum a.m.k. tvisvar á ári, í fyrra skiptið í upphafi skólaárs.
5. Hann hlustar eftir sjónarmiðum nemenda varðandi bekkjarstarf og bekkjaranda. Nemendur taka þátt í einum foreldrafundi á skólaári þar sem málin eru rædd.
6. Hann er reiðubúinn til að aðstoða kennarann við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólafélaginu, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.
7. Hann er tengiliður foreldra innbyrðis, sendir út bekkjarlista með símanúmerum og nöfnum.
8. Hann hefur frumkvæði að því að sem flestir séu virkir í bekkjarstarfinu. Hórar í sjálfboðaliða í jólaföndur og á vorhátíð. Best er að skipta verkefnum með foreldrum í upphafi skólaárs, t.d. foreldrarölt, hátíðir og umsjón bekkjarskemmtana.
9. Hann safnar í bekkjarmöppu gögnum um foreldrastarf, svo sem fundargerðum, myndum og öðru fyrir nýja bekkjarfulltrúa til glöggvunar á starfi bekkjarins og skemmtunum.
10. Hann er tengiliður foreldra við stjórn foreldrafélagsins, tekur þátt í fundum þess og miðlar upplýsingum í báðar áttir.
11. Bekkjarfulltrúar í 10. bekk stofna nefnd vegna útskriftarhátíðar 10. bekkjar.
12. Bekkjarfulltrúar í 1. bekk sjá til þess að boða foreldra á skólafærni námskeið. FFGÍR getur haldið námskeið.
13. Bekkjarfulltrúar á mið- og unglinga stigi ræða foreldrasamning á fundi með foreldrum.
14. Bekkjarfulltrúar á yngsta stigi ræða vináttu, tómstundir og foreldrasamning á fundi með foreldrum.

# Handbók FFGÍR

---

## *Hagnýtar upplýsingar:*

Starfsmaður FFGÍR: Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR

FFGÍR | Símatími virka daga kl.16-17 | 868-4495 | [ffgir@ffgir.is](mailto:ffgir@ffgir.is)

Heimili og skóli | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík | 562 7475 | [heimiliogskoli@heimilio.gskoli.is](mailto:heimiliogskoli@heimilio.gskoli.is)

Formenn foreldrafélaganna í Reykjanesbæ

Linda Birgisdóttir FFM

Kristján Freyr Geirsson FFHS

Anna Sigríður Jóhannsdóttir FFH

Guðmundur Þ. Þórðarson FFA

Lilja D. Bjarnadóttir FFN

Skólaráðsfulltrúar foreldra:

Njarðvíkurskóli: Ásta Einarisdóttir, Kristján Carlsson Granz, Lilja D. Bjarnadóttir

Holtaskóli: Jóhanna María, Baldur Guðmundsson

Heiðarskóli: Birgir Már Bragason, Ingvar Georgsson

Myllubakkaskóli: Júlíus Friðriksson,

Akurskóli: Hulda Klara, Kristín Helgadóttir

Símanúmer í grunnskólunum í Reykjanesbæ.

Akurskóli 420 4550

Háaleitisskóli 420 3050

Njarðvíkurskóli 420 3000

Holtaskóli 420 3500

Heiðarskóli 420 4500

Myllubakkaskóli 420 1450